

Fundargerð háskólaráðs
393. fundur 26. apríl 2018 kl. 14:00
Borgir, R262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:02.

Mættir voru auk hans:

Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, með í síma
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins
Sólveig María Árnadóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen, starfsmaður og ritari háskólaráðs

Fjarverandi/forföll:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Gestir:

Hólmar Svansson framkvæmdastjóri
Sædís Gunnarsdóttir verkefnastjóri stjórnarsýslu rannsókna
Anna Ólafsdóttir formaður kennaradeildar

Rektor kynnti dagskrá. Gerð er ein breyting á dagskrá þar sem ákveðið er að fjalla saman um liði 6 og 9.

1. Samþykkt fundargerðar 392. fundar

1802062

Fundargerð samþykkt.

2. Fjármál og rekstur

Hólmar Svansson framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu kom inn á fundinn og fór yfir rekstraryfirlit fyrstu þrjú mánuði ársins. Staða skólans í heild er í jafnvægi, reksturinn örlítið undir áætlun.

Umræður sköpuðust um framsetningu á fjárhagsgögnum og nauðsyn þess að bæta skráningu gagna í fjárhags- og launabókhaldi.

3. Jafnlaunavottun

1804048

Vinna við jafnlaunavottun Háskólans á Akureyri er hafin á fjármálasviði. Stefnt er að því að vera í samstarfi við Háskóla Íslands þar sem um er að ræða sama lagaumhverfi og sambærilega kjarasamninga og launaumhverfi.

4. Innleiðing nýrra laga um persónuvernd

1803072

Gerð hefur verið verkefnaáætlun um innleiðingu nýrrar persónuverndarreglugerðar og samið hefur verið við ytri ráðgjafa um að aðstoða við innleiðinguna innan háskólans. Myndaður hefur verið verkefnahópur sem heldur utan um og stýrir innleiðingunni og gert er ráð fyrir að innleiðingunni verði lokið fyrir árslok.

5. Höfundarréttarmál og einkaleyfi

1804047

Rektor kynnti málið og fór yfir stöðuna í þessum málefnum innan háskólans. Starfsreglur hugverkanefndar HÍ og LSH kynntar – samþykkt að vinna út frá sömu reglum og viðmiðum og þar gilda og óska formlega eftir samstarfi við HÍ um málið og um aðgengi að hugverkanefndinni. Einnig þarf að skoða höfundarréttarmál í tengslum við rafræn kennslugögn. Samþykkt að viðræður við HÍ verði heildarumræða um höfundarréttarmál. Háskólinn á Akureyri mun hefja sína vinnu við svona ferli óháð niðurstöðu viðræðna við Háskóla Íslands.

Hólmar yfírgaf fundinn.

6. Kennsluskipulag 2018-2019 og umsóknartölur fyrir skólaárið 2019

stefnt er að því að ljúka kennsluskipulagi komandi skólaárs fyrir sumarleyfi. Fræðasviðin hafa verið að vinna að þessu og staðan nú er þannig að gert er

ráð fyrir að skipulagið liggi að mestu fyrir áður en sumarleyfi hefst. Þessi vinna hefur leitt mjög vel í ljós undirmönnun á sviðunum.

Jafnframt er líklegt að mikill fjöldi umsókna um skólavist fyrir næsta skólaár hafi áhrif á áætlanir. Rektor kynnti upplýsingar frá nemendaskrá um stöðuna í umsóknum fyrir næsta skólaár og samanburð við stöðuna á sama tíma s.l. ár. Ljóst er að samkvæmt stöðunni eins og hún er núna er mikil aukning í fjölda umsókna um skólavist.

Háskólaráð felur rektor að fara í viðræður við menntamálaráðuneytið um að nauðsynlegt sé að styrkja Háskólann á Akureyri svo unnt sé að takast á við þessa þróun í fjölda umsókna.

7. Brautskráning 2018

1706021

Brautskráningu verður skipt á tvo daga, þ.e. 8. júní verða nemendur í framhaldsnámi brautskráðir og 9. júní verða nemendur í grunnnámi brautskráðir. Að öðru leyti verður brautskráning með hefðbundnu sniði. Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu verður heiðursgestur á brautskráningu grunnnema.

Rektor kynnti erindi frá gæðaráði sem lýtur að því að nemendur hafa óskað eftir að félagsstörf nemenda, þátttaka þeirra í nefndum og ráðum innan skólans og í stúdentaráði, séu skráð í skírteinisviðauka við brautskráningarskírteini. Háskólaráð samþykkir framlagða tillögu.

8. Samgöngusamningur

1711050

Framkvæmdastjórn hefur samþykkt nýja samgöngusamninga fyrir starfsfólk háskólans og er því nú vísað til samþykktar háskólaráðs. Gert er ráð fyrir að bjóða starfsfólki slíka samninga frá og með 2. maí n.k. sama dag og átakið Hjólað í vinnuna hefst. Háskólaráð fagnar framtakinu og samþykkir upptöku samgöngusamninga fyrir starfsfólk háskólans.

9. Umræða um rannsóknamisseri

Sædís Gunnarsdóttir verkefnastjóri stjórnslu rannsókna kom inn á fundinn undir þessum lið.

Lagt fram yfirlit yfir fjölda umsókna um rannsóknamisseri s.l. ára. Umræður sköpuðust um rannsóknamisseri almennt, rannsóknastig og reglurnar þar að lútandi.

Samþykkt að skipa starfshóp innan háskólaráðs sem vinnur með stjórnslu rannsókna að skoðun og greiningu á umsóknum og úthlutunum

rannsóknamissera s.l. ára. Samþykkt að hópinn skipi tveir fulltrúar úr háskólaráði ásamt rektor. Rektor leggur fram tillögu um skipun starfshópsins á næsta fundi.

Háskólaráð samþykkir einnig að rektor veiti aukarannsóknamisseri fyrir árið 2019 á sama hátt og s.l. 2 ár – tvö aukamisseri á hvert fræðasvið fyrir háskólakennara í doktorsnámi. Markmiðið áfram það sama, að efla og styrkja mannauðinn á fræðasviðunum og fjölga doktorsmenntuðum akademískum starfsmönnum.

Sædís yfirgaf fundinn.

11. Þróun og breytingar í kennaranámi/kennaradeild

Anna Ólafsdóttir, formaður kennaradeildar kom inn á fundinn.

Anna kynnti þróunina og starfið sem farið hefur fram innan kennaradeildar í þeirri þróun sem átt hefur sér stað í kennaranámi á Íslandi undanfarið misseri. Myndaður hefur verið samráðsvettvangur um þróun kennaranáms meðal kennaradeildar HA, menntavísindasviðs HÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þessi vettvangur hefur kortlagt stöðuna, skipað vinnuhópa og tillögum hefur verið skilað til menntamálaráðuneytis. Kennaradeild HA hefur þegar unnið tillögur út frá ofangreindri vinnu.

Rektor þakkaði Önnu fyrir góða og ítarlega kynningu og fyrir störf hennar og annarra starfsmanna kennaradeildar í þessari vinnu.

12. Málefni hug- og félagsvísindasviðs

Rektor greindi frá stöðu málsins. Núverandi sviðsforseti mun færast til í starfi þann 1. ágúst n.k. og taka að sér forystuhlutverk í uppbyggingu rannsókna og doktorsnáms við HA. Rektor vinnur áfram að úrlausn málefna hug- og félagsvísindasviðs í samstarfi við sviðið.

13. Önnur mál

- **Metoo**
Grasrótahópur innan háskólans hefur boðað til fundar innan háskólasamfélagsins í HA um Metoo-byltinguna og stöðuna innan HA. Fundurinn verður með þjóðfundarfyrirkomulagi og verður haldinn þann 11. maí.
- **NRF**
Rektor kynnti reglur fyrir skipulag eða stofnskrá NRF – Northern Research Forum. Stofnskráin hefur verið samþykkt af fagraði NRF og er hér lögð fram til samþykktar af háskólaráði. Samþykkt.
- **Reglur um doktorsnám**
Háskólaráð hefur ekki athugasemdir við lokadrög að reglunum. Reglurnar verða lagðar fram til samþykktar á maí fundi háskólaráðs.
- **Landsping Landssambands íslenskra stúdenta.**

Hermína vakti athygli á flottu landsþingi LÍS þar sem tveir starfsmenn HA voru með erindi ásamt fjölmörgum HA nemendum. Þar var m.a. lögð fram jafnréttisstefna samtakanna sem Hermína vakti athygli á. Sólveig sagði einnig frá gæðastefnu sambandsins sem samþykkt var á síðasta ári og þarf að skoða reglur HA með tilliti til þessarar vinnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.